

GJALDSKRÁ fyrir kattahald í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Við skráningu kattar skal greiða skráningargjald kr. 2.666. Fyrstu 6 mánuði frá staðfestingu gjaldskrár þessarar er skráningin gjaldfrí.

2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna kattar kr. 5.325. Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar en ef framvísað er staðfestingu á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar gjaldið um 50%.

3. gr.

Af köttum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 12. gr. samþykktar um kattahald í Dalvíkurbyggð nr. 17/2013 skal greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald samkvæmt gjaldskrá þessari. Ef köttur er ekki örmerktur samkvæmt 8. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slikt.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar ber að innheimta kr. 5.325 vegna handsömunar og kr. 852 fyrir fóður og vistun, fyrir hvern dag sem köttur er vistaður í kattageymslu. Gjald fyrir örmerkingu kattar fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralæknis hverju sinni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2016.

Samþykkt í landbúnaðarráði Dalvíkurbyggðar 16. september 2015.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 27. október 2015.

Dalvík, 18. nóvember 2015.

Bjarni Th. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. desember 2015